



## **Frambjóðendur til stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. sem kosið verður um á hluthafafundi í félaginu þann 10. nóvember 2015**

### **Til Aðalstjórnar:**

**Bjarni Brynjólfsson.**

**Fæðingarár:** 1966.

**Menntun:** Cand. Oecon frá University og Bridgeport 1992 og með próf í verðbréfamiðlun frá 1998.

**Aðalstarf:** Bjarni starfar í dag sem framkvæmdastjóri Ursus Maritimus Investors ehf.

**Starfsreynsla:** Rúmlega 20 ára reynsla af verðbréfa- og eignastýringu.

Hefur setið í stjórn VÍS frá 12. mars 2015. **Önnur stjórnarseta:** Saffron Holding ehf. (varamaður).

**Hlutafjäreign í VÍS og óháði:** Bjarni á 0,073% hlut í VÍS og telst óháður VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.**

**Guðmundur Þórðarson.**

**Fæðingarár:** 1972.

**Menntun:** Guðmundur lauk Cand. Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Guðmundur hefur einnig leyfi til að stýra verðbréfafyrirtæki innan EES frá Financial Supervisory Authority í Bretlandi.

**Aðalstarf:** Fjárfestir.

**Starfsreynsla:** Eigin fjárfestingar frá 2007 til dagsins í dag, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Straums fjárfestingarbanka 2003-2007, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýring hjá Íslandsbanka 2000-2003, forstöðumaður eignastýringarfyrirtækis Landsbankans 1997-2000.

**Stjórnarseta:** Hedda eignarhaldsfélag ehf. (stjórnarmaður), Bergstaðastræti 27 ehf. (stjórnarmaður), SNV Holding ehf. (varamaður) og BBL II ehf. (stjórnarformaður), PG Holding ehf. (stjórnarformaður), BG Partners Invest ehf. (stjórnarformaður), Ígló ehf. (meðstjórnandi).

**Hlutafjäreign í VÍS og óháði:** Guðmundur á ásamt eiginkonu sinni Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur 5,05 % hlut í VÍS gegnum SNV Holding ehf. og Heddu eignarhaldsfélag ehf. og telst óháður VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.**

**Helga Jónsdóttir.**

**Fæðingarár:** 1967.

**Menntun:** Helga lauk Cand. Jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992 og fékk héraðsdómslögmannsréttindi 1995.

**Aðalstarf:** Ráðgjöf og stjórnarstörf.

**Starfsreynsla:** Ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2010. Hefur starfað við rekstur Silfurbergs sveitahótels frá árinu 2013. Lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) 2008-2010, lögfræðingur hjá Sjónvá-Almennum tryggingum hf. 1997-2007, fulltrúi á lögmannsstofu Ingimundar Einarssonar hrl. 1994-1997, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands 1993-1995, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu 1992-1993.

Hefur setið í stjórn VÍS frá 8. desember 2010. **Önnur stjórnarseta:** Fríhöfnin ehf. (stjórnarformaður), Líftryggingafélag Íslands hf. (stjórnarformaður) og Algrím ehf. (meðstjórnandi).

**Hlutafjäreign í VÍS og óháði:** Helga á 0,0026% hlut í VÍS og telst óháð VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.**

**Herdís Dröfn Fjeldsted.**

**Fæðingarár:** 1971

**Menntun:** Bsc. á alþjóðamarkaðssviði frá Háskólanum í Reykjavík 2004 og Msc. í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík 2011, próf í verðbréfamiðlun frá árinu 2005. Námskeið um ábyrgð og árangur stjórnarmanna hjá HR, námskeið á vegum European Venture Capital Association (EVCA).

**Aðalstarf:** Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf.

**Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf. frá 2014, Fjárfestingastjóri Framtakssjóðs Íslands 2010-2014, sérfræðingur í fjárfestingum fyrirtækja hjá Thule Investments 2004-2010.

**Stjórnarseta:** Icelandic Group (stjórnarformaður), Invent Farma ehf. (varmaður), IEI II hf. (meðstjórnandi), Medicopack (stjórnarmaður).

**Hlutafjäreign í VÍS og óháði:** Herdís á enga hluti í VÍS og telst óháð VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS**

**Jóhann Halldórsson.**

**Fæðingarár:** 1968.

**Menntun:** Cand. Jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1994 en hann er einnig hæstaréttarlögmaður. MBA í fjármálum 2004.

**Aðalstarf:** Fjárfestingar.

**Starfsreynsla:** Lögmannsstörf, framkvæmdastjórastörf og fjárfestingar.

**Stjórnarseta:** S8 ehf. (stjórnarformaður), Lónakot ehf. (meðstjórnandi), A9 ehf. (stjórnarmaður), S10 ehf. (stjórnarmaður), Bolaverk ehf. (varamaður), Green Car ehf. (stjórnarformaður), Húsasund ehf. (meðstjórnandi), Lögmannsstofa Jóhanns Halldórssonar ehf. (stjórnarmaður), Angus ehf. (stjórnarmaður), DK-Holding ehf. (stjórnarmaður), FAST GP ehf. (meðstjórnandi), O1 ehf. (stjórnarmaður), BBH Aviation ehf. (stjórnarmaður).

**Hlutafjäreign í VÍS og óháði:** Jóhann á 1,23% hlut í VÍS gegnum félagið S8 ehf. og telst óháður VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.**

**Jostein Sørvall.**

**Fæðingarár:** 1949.

**Menntun:** Tryggingastærðfræðingur frá Háskólanum í Osló 1973.

**Aðalstarf:** Stjórnarformaður í norska váttryggingafélaginu Protector Forsikring ASA.

**Starfsreynsla:** Rúmlega 40 ára reynsla af ýmsum stjórnunarstöðum í tryggingafélögum í Noregi með starfsemi á alþjóðlegum tryggingamarkaði. Forstjóri Protector Forsikring AS 2003-2006, forstjóri SwissRe Norway 2000-2002, verkefnastjóri Computer Sciences Corporation 1998-1999, forstjóri Norske Liv AS 1992-1998, framkvæmdastjóri PAXUS UK 1990-1991 og ýmis stjórnunarstörf hjá Storebrand á árinum 1975-1990.

**Stjórnarseta:** Protector Forsikring ASA (stjórnarformaður) og Gabler Rådgivning AS í Noregi.

**Hlutafjäreign í VÍS og óháði:** Jostein á enga hluti í VÍS og telst óháður VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.**

## **Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.**

**Fæðingarár:** 1977.

**Menntun:** Svanhildur lauk B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1999 og M.S. í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands 2003 (skiptinám við Copenhagen Business School). Svanhildur er með próf í verðbréfamiðlun frá árinu 2001.

**Aðalstarf:** Fjárfestir.

**Starfsreynsla:** Eigin fjárfestingar frá 2007 til dagsins í dag, framkvæmdastjóri fjárstyringar Straums fjárfestingarbanka 2005-2007, forstöðumaður fjármögnunar hjá Kaupþingi 2002-2005, forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka FBA 2000-2002, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins 1999-2000.

**Stjórnarseta:** Hedda eignarhaldsfélag ehf. (varamaður), SNV Holding ehf. (stjórnarmaður) og BBL II ehf. (meðstjórnandi), Ígló ehf. (stjórnarformaður).

**Hlutafjäreign í VÍS og óhæði:** Svanhildur á ásamt eiginmanni sínum Guðmundi Þórðarsyni 5,05 % hlut í VÍS gegnum SNV Holding ehf. og Heddu eignarhaldsfélag ehf. og telst óháð VÍS.

**Engin hagsmunatengsl eru við samkeppnisaðila VÍS.**

## **Til varastjórnar:**

### **Andri Gunnarsson.**

Fæddur 1980. Andri lauk Magister Legis í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2007, fékk héraðsdómslögmannsréttindi 2009 og lauk LL.M í félagarétti frá Stanford University 2013. Hann starfar í dag sem lögmaður á Nordik lögfræðiþjónusta og er jafnframt einn af eigendum þeirrar lögmannsstofu. Andri á 0,64 % í VÍS gegnum félagið Óskabein ehf. og telst óháður VÍS.

### **Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.**

Fædd 1978. Ásta lauk Cand. Jur. frá Háskóla Íslands 2003, fékk héraðsdómslögmannsréttindi 2004 og LL.M. í evrópskum viðskiptarétti frá Háskólanum í Lundi 2010. Hún starfar í dag sem lögfræðingur hjá Innanríkisráðuneytinu en hefur verið varamaður í stjórn VÍS frá 30. maí 2013. Ásta á ekki hlut í VÍS og telst óháð VÍS.

### **Davíð Harðarson.**

Fæddur 1976. Davíð lauk Cand. Oecon frá Háskóla Íslands 2000, M.Sc. í fjármálum frá Warrington College UF 2004 og er með próf í verðbréfamiðlun frá árinu 2005. Hann starfar í dag sem fjármálastjóri Elkem Ísland ehf. en hefur verið varamaður í stjórn VÍS frá 30. maí 2013. Hefur frá 20. ágúst 2015 verið virkur varamaður svo stjórn VÍS sé fullmönnuð, en á árinu hefur hann setið átta stjórnarfundi. Davíð á ekki hluti í VÍS og telst óháður VÍS.